

Nd.

401. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla allir nefndarmenn með því, að frv. verði samþykkt með breytingartillögum þeim, sem greinir hér á eftir, nema einn nefndarmanna (GP), sem aðeins er samþykkur síðari brtt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
Greiða skal frá ársbyrjun 1941 verðlagsuppbót á barnsmeðlög, úrskurðuð samkvæmt lögum þessum. Skal hún nema fullri hækkun vísitölu þeirrar, er verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana miðast við.
2. Við 2. gr. Síðari málsgrein greinarinnar falli burt.

Alþingi, 2. maí 1941.

Bergur Jónsson,	Vilmundur Jónsson,	Gisli Guðmundsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Jóhann G. Möller.	Garðar Þorsteinsson.	